

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 2. maí 2013 að Flughótelinu Reykjanesbæ kl 20:00

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga og þeir bornir undir atkvæði.
4. Ákvörðun um tillögur um lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar skv.6.gr.
6. Kosning skoðunarmanna.
7. Kosning nefnda.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Kosning fulltrúa á þing BSRB.
10. Önnur mál.

Ragnar Örn Pétursson,formaður,setti fundinn.Mjög vel mætt.Ragnar var með tillögu um fundarstjóra, Kjartan Adólfsson og fundarritara Hrefnu Gunnarsdóttir.Samþykkt.

1. Ragnar flutti skýrslu stjórnar fyrir sl. starfsár. Hann fór yfir kjaramál,orlofsmál,skrifstofuhald,þing BSRB í óktóber 2012,fór yfir sameininguna sem varð að STFS og samflot bæjarstarfsmannafélaga.
2. Ásdís Óskarsdóttir kynnti endurskoðaðan rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir 2012.
3. Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.Ragnar útskýrði mál Hafnargötu 15,2.hæð,engar leigutekjur koma af eigninni og engin sala í augsýn.Flutningurinn á Krossmóa var t.d. vegna betra aðgengi fyrir félagsmenn.Ragnar fór einnig yfir orlofshúsin.Reikningar samþykktir samhljóma.
4. Tillaga um breytingu á 9.gr. um hvenær skyldi halda aðalfund.lagt til að hann skyldi halda eigi síðar en 15.maí. Samþykkt samhljóma.
5. Kosning stjórnar.Fundarstjóri las upp 6.grein.
Tillögur til formanns,Stefán B.Ólafsson.
Tillaga til aðalstjórnar til 2 ára,Eiríkur Bjarki Eysteinnsson,og Kjartan FR.Adólfsson.
Tillaga til varastjórnar til 1 árs,Hermann Ólason,og Margrét Böðvarsdóttir.
6. Kosning skoðunarmanna.
Tillaga um skoðunarmenn til 1 árs,Guðfinna Eyjófsdóttir og til vara Guðmundur Jólsson.
7. Kosning til nefnda til 1 árs.
Orlofsnefnd,Hermann Ólason formaður,Ágústa Guðmundsdóttir,Elísabet Sævarsdóttir,Eiríkur Bjarki Eysteinnsson og Þorgerður Guðmundsdóttir.
Starfsmenntunarsjóður,Ásdís Óskarsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir.
Uppstillingarnefnd,Þorgerður Guðmundsdóttir,Hrefna Gunnarsdóttir,Hafsteinn Ingibergsson.
Mannauðssjóður KSG,Stefán B.Ólafsson,formaður STFS og í stjórninni sitja einnig formenn Starfsmannafélaga Kópavogs og Garðabæjar og tvær fulltrúar frá Samband íslenskra sveitarfélaga.
8. Lagt til að félagsgjöld verði 1% af heildarlaunum.Tillaga að vísa þessu til stjórnar.
9. Kosning fulltrúa á þing BSRB. Vísað til stjórnar.
10. Fráfarandi formaður óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjör og allrar velfarnaðar í störfum sínum.Hann fór yfir spurningar sem sendar höfðu verið stjórninni.1.Bifreiðastyrki til starfsmanns skrifstofu,stjórnarmenn og samninganefnd. 2.Laun stjórnarmanna,nefndarseta. 3.Yfirlit yfir

skammtímaskuldir og skammtímakröfur. Fyrirspurn um bresku kerfin, starfsmatskerfi. Útskýringar frá Ragnari Erni vegna starfsmanna í í.róttamannvirkjum, sundmiðstöðum og starfsmanna grunnskólum. Væntanlegt excel skjal bæjarskrifstofunni sem snýr að breytingum fyrir starfsmenn grunnskóla. Endurnýjun á ráðningarsamningum, launadreifing á alla starfsmenn.

Sigrún Sverrisdóttir er nýr starfsmaður á skrifstofu STFS.

Rannsóknarstöðin í Sandgerði, uppsagnir hjá lögfræðingi BSRB. Hver er staðan? Ragnar upplýsti um það.

Ragnar fékk blómvönd og gjöf frá félaginu. Stefán þakkaði honum fyrir velunnin störf.

Stefán flutti smá tölu, kjarasamningar framundan.

Fundi slitið kl. 21:30